

Ed.

51. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Flm.: Einar Árnason.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 19. gr. laganna orðist þannig:

Á fundum í félagi, sem er óskipt heild, hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt. Hve marga fulltrúa hver félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.

2. gr.

Fyrri málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna, eða eftir viðskiptum félagsins við sambandið og tölu félagsmanna, svo sem samþykktir sambandsins nánar ákveða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt nógildandi samvinnulögum miðast fulltrúatala, sem hvert sambandsfélag má senda á sambandsfund, við tölu félagsmanna. En það er eðlilegt, að einnig megi taka tillit til viðskipta félagsins við sambandið, og þannig er það í flestum nágrannalöndum vorum. Er þá einnig rétt, að félögum, sem skiptast í deildir, sé gefin samskonar heimild til að miða tölu deildarfulltrúa á félagsfund bæði við félagsmannatölu í deildinni og viðskipti deildarmanna við félagið.

Frumvarpið er flutt samkvæmt ósk Sambands ísl. samvinnufélaga.